

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
134. fundur.

Miðvikudaginn 5. júní 2013 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla sveitarstjóra.**
- 2. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 8. maí 2013.
 - b) Aðalfundar Auðkúluheiðar ehf, dags. 6. maí 2013.
 - c) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 3. júní 2013.
 - d) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 9. apríl 2013.
 - e) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 6. maí 2013.
 - f) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 9. maí 2013.
 - g) Aðalfundar Hveravallafélagsins ehf, dags. 30. maí 2013.
 - h) Aðalfundar Brunavarna A-Hún, dags. 15. maí 2013.
 - i) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 6. maí 2013.
 - j) Stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga, dags. 16. maí 2013.
 - k) Stjórnar SSNV, dags. 19. apríl 2013.
 - l) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, dags. 14. maí 2013.
 - m) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands, dags. 18. apríl 2013.
 - n) Sameiginlegs fundar sveitarfélaga í A-Hún, dags. 30. apríl 2013.
- 3. Samningur við iCell ehf, um fjarskiptaþjónustu í Húnavatnshreppi.**
- 4. Bréf:**
 - a) Frá Vegagerðinni, dags. 08.05.2013.
 - b) Frá Vegagerðinni, dags. 10.05.2013.
 - c) Frá Vegagerðinni, dags. 13.05.2013.
 - d) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 07.05.2013.
 - e) Frá ÍSÍ, dags. 03.05.2013.
 - f) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 26.04.2013.
 - g) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 15.05.2013.
 - h) Frá Skipulagsstofnun, dags. 17.05.2013.
 - i) Frá Friðarhlaupinu, ódagsett.
 - j) Frá Pálma Ellertssyni, dags. 07.05.2013.
- 5. Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.10

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 30. maí 2013., Tekin fyrir undir dagskrárlið 2. g) Aðrar fundargerðir færast aftur sem því nemur. Erindi frá Pálma Ellertssyni og Birni Magnússyni, dags. 7. maí 2013, tekið fyrir undir dagskrárlið 4.k) Erindi frá Birni Magnússyni, dags. 3. júní 2013, tekið fyrir undir dagskrárlið 4. l)

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Kynntur samstarfssamningur við Blöndustöð Landsvirkjunar um sumarvinnu ungmenna 2013. Samþykkt var að setja gjaldskrá vegna sláttar á opnum svæðum.

Hreppsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi tilboð frá Berki hf, að upphæð 1.602.011 kr. vegna smíði á gluggum í Húnaver.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

134. fundur.

Kynnt var skýrsla KPMG um stjórnarsýsluskoðun.

Rætt var um sorphirðumál í sveitarfélaginu, bæði hvað varðar þá þjónustu sem verið er að veita og þjónustugjöld.

Samþykkt var að timburgámar verði staðsettir á gámasvæðum í tvo mánuði í sumar.

2. Fundargerðir:

a) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 8. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

b) Aðalfundar Auðkúluheiðar ehf, dags. 6. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

c) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 3. júní 2013.
Hreppsnefnd samþykkti skóladagatal grunn- og leikskóla á Húnavöllum skólaárið 2013-2014.
Hreppsnefnd samþykkti að kennslustundakvóti Húnavallaskóla verði allt að 218 stundir á viku skólaárið 2013-2014.

Hreppsnefnd samþykkir þá tillögu fræðslunefndar að sveitarfélagið taki við rekstri mötuneytis Húnavallaskóla frá og með næsta skólaári.

d) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 9. apríl 2013.
Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 6. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf, dags. 9. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

g) Stjórnarfundar Hveravallafélagsins ehf, dags. 30. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

h) Aðalfundar Hveravallafélagsins ehf, dags. 30. maí 2013.
Jón Gíslason gerði athugasemd við að A-listi fengi ekki fulltrúa varamanns í stjórn, en Húnavatnshreppur á tvo varamenn í stjórn.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Aðalfundar Brunavarna A-Hún, dags. 15. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

j) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. dags, 6. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

k) Stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga, dags. 16. maí 2013.
Lögð fram til kynningar, ásamt drögum að stefnumörkun SO.

l) Stjórnar SSNV, dags. 19. apríl 2013.
Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 134. fundur.

m) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, dags. 14. maí 2013.
Lögð fram til kynningar.

n) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands, dags. 18. apríl 2013.
Lögð fram til kynningar.

o) Sameiginlegs fundar sveitarfélaga í A-Hún, dags. 30. apríl 2013.
Lögð var fram tillaga um að Oddur Gunnar Jónsson sérfræðingur hjá KPMG verði ráðinn til að gera úttket á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í A-Hún. Framlag Jöfnunarsjóðs að hámarki 2. milljónir kr. sem ætlað er til könnunar á hagkvæmni sameiningar verði nýtt í þess úttekt. Oddur mun í upphafi verksins skila inn verkefnatillögu ásamt grófri kostnaðaráætlun um verkið.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

3. Samningur við iCell ehf, um fjarskiptaþjónustu í Húnavatnshreppi.
Fyrirliggjandi samningur var samþykktur með fyrirvara um að breytingar og viðauki sem um var rætt á fundinum verði gerðar.

4. Bréf:

a) Frá Vegagerðinni, dags. 08.05.2013.
Efni: Viðhald girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu.
Vegagerðin vísar því til sveitarfélagsins að hlutast til um að viðhaldi girðinga meðfram vegum í sveitarfélaginu sé lokið 30. júní 2013.
Lagt fram til kynningar.

b) Frá Vegagerðinni, dags. 10.05.2013.
Efni: Svar við úthlutun til styrkvega 2013.
Vegagerðinn hefur samþykkt að úthluta 3 millj. kr. til styrkvega í Húnavatnshreppi árið 2013.
Lagt fram til kynningar.

c) Frá Vegagerðinni, dags. 13.05.2013.
Efni: Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr Hofsnámu, í landi Hofsa, Haukagilsnámu, í landi Haukagils, Melagerðisnámu í landi Marðarnúps og Uppsalanámu í landi Uppsala.
Hverri umsókn fylgir eftirfarandi: Samningur Vegagerðarinnar við landeigendur, ásamt uppdretti af efnistökusvæðinu. Greinargerð þar sem fram kemur m.a. tilgangur með efnisnáminu, áætlað magn efnis, vinnslutími og frágangur að malarnámi loknu.
Í greinargerð með aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 í kafla 3.1.6. um efnistökusvæði, eru þessar námur á lista og skilgreindar sem efnistökusvæði E 7, Hofsnáma. E 4, Haukagilsnáma. E 6, Melagerðisnáma og E 2, Uppsalanáma. Námurnar eru einnig á aðalskipulagsuppdretti.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi til tveggja ára í eftirtöldum námum sem allar eru á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022: Hofsnáma, Haukagilsnáma, Melagerðisnáma og Uppsalanáma.
Með erindi dags. 05.04.2013 sótti Vegagerðin um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr námu í landi Syðri-Löngumýrar og í landi Ljótshóla. Námurnar eru á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.
Leitað var meðmæla Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdaleyfa fyrir þessar námur, sbr. 1. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010. Meðmæli Skipulagsstofnunar liggja ekki fyrir.
Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi til tveggja ára vegna námu í landi Syðri-Löngumýrar og Ljótshóla.

d) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 07.05.2013.
Efni: Ráðuneytið áréttar mikilvægi þess að sveitarfélög skili umbeðnum upplýsingum til Hagstofu Íslands eins fljótt og auðið er.
Lagt fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 134. fundur.

e) Frá ÍSÍ, dags. 03.05.2013.

Efni: Ársskýrsla ÍSÍ 2013, upplýsingar um starsemi ÍSÍ.
Lagt fram til kynningar.

f) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 26.04.2013.

Efni: Umsókn frá Erlendi G. Eysteinessyni kt. 100132-4439, Smárabraut 10, 540 Blönduósi, um endurnýjun á leyfi til að reka gististað í flokki II, á landi Stóru Giljá, 541 Blönduós.
Þóra Sverrisdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Hreppsnefnd samþykkir leyfið fyrir sitt leyti.

g) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 15.05.2013.

Efni: Umsókn frá Bjarka Kristjánssyni kt. 110976-4109, Svínavatni, 541 Blönduósi, f.h. Húsherja ehf., kt. 411199-2319 um leyfi til að reka gististað í flokki I að Svínavatni, 541 Blönduós.

Hreppsnefnd samþykkir leyfið fyrir sitt leyti.

h) Frá Skipulagsstofnun, dags. 17.05.2013.

Efni: Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar – ákvörðun um tillögu að matsáætlun.
Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum: Veita afrennslis úr Vestara-Friðmundarvatni, sem fellur til Vatnsdalsár, í Austara-Friðmundarvatn verði ekki hluti af framkvæmdinni. Því eigi ekki að fjalla um hana í frummatsskýrlunni. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir stöðu efnistökusvæða í skipulagi, ásamt áætlun um efnistöku, frágang haugsvæða og vinnubúða.
Lagt fram til kynningar.

i) Frá Friðarhlaupinu, ódagsett.

Efni: Kynning á friðarhlaupi í öllum sveitarfélögum Íslands 20. júní til 12. júlí 2013.
Samþykkt var að senda erindið til umfjöllunar í menningar- íþróttá- og æskulýðsnefnd.

j) Frá Pálma Ellertssyni, dags. 07.05.2013.

Efni: Óskað er eftir leyfi til að stofna lóð 1 í landi jarðarinnar Hnausa 1, landnúmer 144712. Á lóðinni stendur íbúðarhús með fastanúmeri 213-5987. Lóðin verði tekin úr landbúnaðarnotkun. Öll hlunnindi munu áfram tilheyrja jörðinni Hnausar 1, landnr. 144712. Lögbýlarétturinn mun áfram fylgja landnúmerinu 144712. Erindinu fylgir afstöðuuppdráttur ásamt hnitaskrá.

Hreppsnefnd samþykkti erindið með fyrirvara um samþykki Landbúnaðarráðuneytis.

k) Frá Pálma Ellertssyni og Birni Magnússyni, dags. 07.05.2013.

Efni: Óskað er eftir leyfi til að stofna lóðir 2,3,4, í óskiptu landi jarðanna Hnausa 1, landnúmer 144712 og Hnausa 2, landnúmer 144714. Óskað er eftir að lóðirnar verði teknar úr landbúnaðarnotkun. Öll hlunnindi munu áfram tilheyrja jörðunum Hnausar 1 og 2. Lögbýlarétturinn mun áfram fylgja landnúmerunum 144712 og 144714. Erindinu fylgir afstöðuuppdráttur ásamt hnitaskrá.

Hreppsnefnd samþykkti erindið með fyrirvara um samþykki Landbúnaðarráðuneytis.

l) Frá Birni Magnússyni, dags. 03.06.2013.

Efni: Í samræmi við 30 gr. 2 málgr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 32 gr. 1 málgr. samþykktu Húnavatnshrepps óskar Björn Magnússon eftir lausn frá störfum í hreppsnefnd Húnavatnshrepps til loka kjörtímabils.

Hreppsnefnd samþykkti erindið.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
134. fundur.

5. Önnur mál.

Með hliðsjón af fyrirhugaðri stækkun Blönduvirkjunar skorar hreppsnefnd Húnavatnshrepps á stjórnvöld, í samstarfi við heimamenn, að beita sér fyrir því að orka Blönduvirkjunar nýtist til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi vestra.

Viðvarandi íbúafækkun hefur verið um langt skeið og neikvæður hagvöxtur á þessu svæði. Hreppsnefnd skorar því á þingmenn Norðvesturkjördæmis að beita sér fyrir að stjórnvöld gefi yfirlýsingu um að orka Blönduvirkjunar verði notuð til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Hreppsnefnd samþykkti að útleiga á hestaaðstöðu milli Friðmundarvatna og við Kúlukvísl ásamt heysölu verði sinnt af skálavörðum í Áfanga.

Rætt var um gsm samband í sveitarfélaginu. Enn eru tvö svæði, fremst í Svartárdal og austan Svínavatns, utan farsímaþjónustu. Sveitarstjóra falið að ræða um úrbætur við fjarskiptafyrirtækin.

Fleira ekki gert .
Fundu slitið kl. 17.05

Póra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Magnús R. Sigurðsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P. Jensen